

Sp. 76. Tillaga til þingsályktunar

um aukning Sogsvirkjunarinnar.

Flm.: Eiríkur Einarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita aðstöðu sinni og áhrifum til þess, að þeirri viðleitni Reykjavíkurkaupstaðar, sem nú á sér stað til aukningar Sogsvirkjuninni, verði hagað á þann veg, að fullt tillit sé tekið til þess, að aukningin verði svo veruleg, ef framgangs verður auðið, að kaupséð þau og annað þéttbýli, sem næst er orkuverinu, fái um leið nauðsynlegt rafmagn á þann hátt og með þeim kjörum, er samræmist þörfum og hag þeirra, sem að rafveitunni eiga að búa.

G r e i n a r g e r ð .

Forráðamenn Reykjavíkurbæjar munu nú um þessar mundir vera að leita fyrir sér um útvegum véla og annarra tækja til aukinnar raforkuvinnslu að Ljósafossi. Hvernig sem þetta tekst, er hin mesta nauðsyn að vera vel á verði og sjá svo um, að heppnist Reykvíkingum þessi tilraun til að bæta úr eigin nauðsyn sinni, þá verði einnig séð um, að hin nálægustu héruð orkuverinu verði eigi útundan að þessu sinni. Ætti það, sem áður er skeð í þeim efnunum, að verða víti til varnaðar.

Kunnugleiki um þetta mál innan þings og utan, rannsóknir og áætlanir, er liggja fyrir, nægja því til sönnunar, að hinn almenni áhugi þeirra, er búa í nágrenni Sogsvirkjunarinnar, á fyllsta rétt á sér, og má hið næsta tækifæri, er hjóðast kann, því eigi notast án þess að áminnt byggðarlög verði þess hagræðis aðnjótandi, er rafveita þessi hefur í för með sér.